

11
15. júní

LÖG

um

framlag til kæliskipskaupa o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörrum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þegar h/f Eimskipafjelag Íslands lætur byggja nýtt millilandaskip, er ríkisstjórninni heimilt að veita til þess styrk úr ríkissjóði, alt að 350000 kr., gegn því, að skipið hafi fullkominn kæliútbúnað, 2 millipilför og að efsta þilfar, efra millipilfar, skipshliðar og þverveggir milli lestarúma sje einangrað fyrir kæliflutning.

2. gr.

Ríkisstjórninni er ennfremur heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs það að þau lán, sem fjelagið þarf til skipsbyggingar þessarar, enda sje skipið að veði gagnvart lánveitanda eða ríkissjóði.

3. gr.

Eimskipafjelaginu er óheimilt að selja skipið, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar, og ef skipið strandar, er fjelaginu skylt, annaðhvort að láta smíða nýtt skip af sömu gerð eða endurgreiða ríkissjóði framlag hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.